

Íslandsbréf

Hlutabréfasjóður

28. nóvember 2025

Um sjóðinn


Gengi: 88,71

Íslandsbréf hs. er sérhæfður sjóður ætlaður almennum fjárfestum, bæði einstaklingum, lögaðilum og fagfjárfestum sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra hlutabréfa. Sjóðurinn hentar þeim sem hyggjast ávaxta fé sitt í þrjú ár eða lengur.


Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum sem eru skráð í Kauphöll Íslands og First North á Íslandi og afleiðum með þau skráðu hlutabréf. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgerningum í íslenskum krónum (ISK).

Hlutabréfaeign



Eignasamsetning



Fjárfestingaheimildir

Fjárfestingaheimildir	Heimildir	Eignir
Skráð hlutabréf	50-100%	95%
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	4%
Afleiður með skráð hlutabréf	0-40%	26%

Gengispróun



* OMX15 Iceland CAP GI er hlutabréfavisitala Kauphallar Íslands með arði. Visitalan er samsett af 15 félögum og er flotleiðrétt og mælir verðbreytingar 15 veltumestu félaganna

Ávöxtun m.v.

28. nóvember 2025

	Íslandsbréf	OMXI15CAP	OMXI15CAP
			á ársgrundvelli
1 mánuður	-0,9%	0,4%	
3 mánuðir	2,0%	3,5%	
6 mánuðir	-5,2%	-1,8%	
1 ár	-	-1,9%	sl. 1 ár -1,9%
Frá stofnun	-11,3%	-6,2%	sl. 2 ár 11,9%
2024		20,8%	sl. 3 ár 2,6%
2023		1,0%	sl. 4 ár -1,3%
2022		-20,4%	sl. 5 ár 6,3%
2021		36,3%	
2020		22,9%	

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð

Íslandsbréf hs.

Aðrar upplýsingar

Fjárfestingartími	Þrjú ár eða lengur
Áhættuflokkun	Flokkun 4 af 7
Viðskiptatími	Virkir dagar fyrir kl. 13.
Uppgjörstími	Tveir viðskiptadagar (T+2)
Gengisútreikningur	Daglega
Kostnaður við kaup	0%
Umsýsluþóknun	1,50%
Annar ár. kostnaður	Hámark 0,45%
Árangurstengd þóknun	20% umfram OMXI15CapGI
Sjóðstjórn	Vanessa Hoti, sjóðstjóri
Vörsluaðili	T Plús hf.


Um Arctica sjóði hf.

Félagið Arctica sjóðir hf. var stofnað 2021 og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um starfsemina gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Arctica sjóðir reka sérhæfða sjóði sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum. Sjóðirnir eru bæði sjóðir fyrir almenna fjárfesta og fyrir fagfjárfesta. Arctica sjóðir hafa gert samning við T Plús hf. um að vera vörsluaðili sjóða í rekstri.

Nánari upplýsingar um Arctica sjóði má finna á heimasíðu Arctica sjóða hf.

Atvinnugreinaskipting



Fyrirvari

Kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki lofordum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingu í fjármálagerningum, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum sjóðsins, fylgir áhætta. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Bent er á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Íslandsbréf hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum Íslandsbréfa hs. er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingar sjóðsins af kostgæfni, sem og reglur hans. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar verða að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst.

Engin trygging er fyrir því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver yfirlýsing sem vísar til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi, byggir á núverandi upplýsingum og gögnum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna er aftur gæti leitt til umtalsverðra áhrifa á útkomu og fjárhagslega afkomu. Öllum spám og fyrirætlunum ber því að taka með fyrirvara og skal á engan hátt skoða sem loford um árangur eða ávöxtun.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Áhætta fylgir fjárfestingum í fjármálagerningum þar sem gengi þeirra getur sveiflast, lækkað jafnt sem hækkað. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér vel áhættur tengdum fjármálagerningum sem nálgast má á heimasíðunni.